



Skref 1

Dagana **24-26 júní** verður brotajárn, timbur, spilliefni, dekk, plast og annað rusl fjarlæggt frá heimilum og atvinnuhúsnæði á Skagaströnd. Óskað er eftir því að rusl verði flokkað til þess að auðvelda verkið.

Þeir sem óska eftir að nýta þessa þjónustu geta haft samband við skrifstofu í síma **455-2700**. **Beiðni skal berast fyrir kl. 15:00 þann 21. Júní nk.** Íbúar eru hvattir til að taka þátt og notfæra sér þetta tækifæri til þess að hreinsa umhverfi sitt og taka virkan þátt í að fegra bæinn okkar og skapa honum jákvæða ímynd.

Skref 2

Dagana **12.-16. ágúst nk.** mun Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gera úttekt í bænum í samvinnu við Sveitarfélagið. Óskað verður eftir úrbótum þar sem þess er auðsjáanlega þörf og verða miðar límdir á númerislausar bifreiðar og aðrar sem virðast geta valdið umhverfistjóni auk annars lausarusls. Verða hlutir fjarlægðir á kostnað eigenda ef tilmælum verður ekki sinnt að loknum 14 daga fresti n.t.t. þann **28. ágúst**. Til glöggvunar er íbúum bent á að kynna sér efni **Samþykktar um umgengni og þrífnað sem nálgast má [hér](#)**. Í 6. gr. samþykktanna segir:

Heilbrigðisnefnd eða aðilum í hennar umboði er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi, þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar

Bílflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr. enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu sveitarfélagsins í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar, svo sem vegna flutnings- og geymslu.

Liggi fyrir skráningarmerki, vélanúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum og tryggingarfélagi, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnaður vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilegar hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

Ákvæðum samþykktarinnar verður framfylgt af sveitarfélaginu.

Skref 3

Sveitarfélagið mun efna til viðurkenningar fyrir góða umgengni og snyrtimennsku hjá íbúum. Óskað verður eftir tilnefningum, uppástungum eða ábendingum um eignir og lóðir sem eru til fyrirmyndar í umgengni. Tilnefningar eða ábendingar skulu berast til sveitarstjórnar fyrir **13. september 2019.**

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 7. júní 2019



Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri